

1859. hátt, að keypt sæu fyrir það konungleg skuldabréf, en þau eru
30. júní. nú til hljóðandi upp á 25 og 50 rd.¹

4. júlí. **22. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í Norð-ur- og Austur-umdæminu, um að senda megi ókeypis með póstum skaðabætur fyrir fê það, sem skorið hefur verið í Húnavatnssýslu vegna fjárkláðans.**

Dómsmálastjórnin hefur ekkert á móti því, sem þér, herra amtmaður, í bréfi yðar 12. febrúar þ. á., hafið farið fram á, að skaðabóta-samskot þau, sem gerð hafa verið handa Húnavetningum fyrir fê það, sem þeir hafa slátrað til að varna útbreiðslu fjárkláðans, megi senda með póstum, án þess fyrir þau sé greiddur vanalegur burðareyrir. Þetta læt eg ekki hjálíða að tilkynna yður, herra amtmaður, svo að þér getið hagað yður þar eptir.

4. júlí. **23. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í Norð-ur- og Austur-umdæminu, um skaðabætur fyrir kúgildi klausturjarða.**

Þér hafið, herra amtmaður, í bréfi yðar 6. janúar þ. á. meðal annars beðið um, að þann hluta skaðabótanna til Húnavetninga fyrir niðurskurð vegna fjárkláðans, sem eptir réttum jöfnuði komi á innstæðu-kúgildi á konungsjörðum í Norður- og Austur-umdæminu, og sem svarar til tólfta hluta af verði kúgildanna, mætti greiða úr umboðssjóðunum.

Í þessu tilliti verð eg að taka það fram, að stjórnin, eins og hún þegar hefur látið í ljósi í bréfi, dags. 3. nóvember í fyrra, ekki getur tekið í mál að greiða nokkrar skaðabætur fyrir fê það, sem skorið hefur verið niður í Húnavatnssýslu vegna fjárkláðans.

1) um hið síðasta atriði í bréfi þessu var sama dag leitað álits hinna amtmannanna á Íslandi.